

30. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 50, 23. júní 1932 um útflutning hrossa.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Á tímabilinu frá 15. október til 1. júní má ekki flytja út hross á erlendan markað, nema fengið sé til þess leyfi atvinnumálaráðherra í hvert sinn, enda séu hrossin í góðum holdum og vel undir ferðina búin. Atvinnumálaráðherra skipar þá fyrir um meðferð hrossanna frá því þau eru keypt og þangað til þau eru flutt á skipsfjöl.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

breyting á lögum nr. 50, 23. júní 1932 um útflutning hrossa.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að atvinnu- og samgöngumálaráðuneyti Vort hefir þegnlega borið það upp fyrir Oss, að nokkur markaður fáist nú erlendis fyrir islensk hross, en hinsvegar allmikið til í landinu af útflutningshrossum og nauðsynlegt fyrir landbúnaðinn að nota þann markað, sem fáanlegur er, þó á öðrum tímum árs sé, en nú er leyfður útflutningur hrossa á, teljum Vér það brýna nauðsyn, að gefa út bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 50, 23. júní 1932 um útflutning hrossa, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Á tímabilinu frá 15. október til 1. júní má ekki flytja út hross á erlendan

markað, nema fengið sé til þess leyfi atvinnumálaráðherra í hvert sinn, enda séu hrossin í góðum holdum og vel undir ferðina búin. Atvinnumálaráðherra skipar þá fyrir um meðferð hrossanna frá því þau eru keypt og þangað til þau eru flutt á skipsfjöl.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 21. október 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Dorsteinn Briem.